

Óseyrarbraut 3, breyting 1803103

Óseyrarbraut ehf. sækja 12.3.2018 um leyfi fyrir að breyta vélsmiðjunni í gistiheimili og geymsluhúsnæði samkvæmt teikningum Sigurðar Þorvarðarsonar dagsettar mars 2018.

Umsögn:

Óseyrarbraut 3 er staðsett á hafnarsvæði, á reit 2.1 – deiliskipulags SUÐURHAFNAR.

Í **Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 -2025** segir í almennum skilmálum um hafnarsvæði, bls. 51:

„ Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, lestunar og losunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgangslu þessarar vöru, móttöku og brottfarar farþega, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Íbúðir eru ekki heimilar á hafnarsvæðum.“

Í **skilmálum deiliskipulags Suðurhafnar** segir um skipulagsreit 2.1 að þar skuli starfsemi vera hafnsækin, þ.e. *„starfsemi sem tengist skipaviðhalds- og þjónustuiðnaði, almennri hafnarstarfsemi, vöruflutningum og starfsemi þeim tengdri, fiskihöfn og frístundahöfn“.*

Niðurstaða:

Starfsemi gistiheimilis fellur ekki undir skilgreinda landnotkun á reit þeim sem lóðin Óseyrarbraut 3 tilheyrir, sbr. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 -2025 og gildandi deiliskipulag Suðurhafnar og er því ekki heimil.

14.3.2018

Guðrún Guðmundsdóttir arkitekt/skipulagsfræðingur